

105
3. sept.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að herða á eftirliti með útflutningi og innflutningi á íslenskum og erlendum gjaldeyri.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Bannað er öllum að flytja úr landi eða til landsins íslenska peningaseðla og skiptimynt, og enn fremur íslensk skuldabréf og hvers konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenskum gjaldeyri.

Landsbanki Íslands getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá banninu á útflutningi og innflutningi skuldabréfa.

2. gr.

Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, mega hafa meðferðis til útlanda allt að 50 kr. í erlendum gjaldmiðli (seðlum eða skiptimynt), enda sýni þeir tollyfirvöldum skilríki fyrir því, að gjaldmiðilsins hafi verið aflað á löglegan hátt.

3. gr.

Hver sá, sem til landsins kemur frá útlöndum, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri (peningaseðla, skiptimynt, ávisanir í erl. og ísl. gjaldeyri, hvers konar skuldabréf o. s. frv.) hann hafi í fórum sínum. Erlendir peningaseðlar og erlend skiptimynt, sem menn flytja til landsins, skal afhent útlendingaeftirlitinu, sem skilar fénu til Landsbanka Íslands. Það, sem afgangss kann að verða af fé, sem einstaklingar frá útlöndum á þennan hátt eiga geymt í Landsbankanum, meðan þeir dvelja hér, fá þeir afhent við brottför sína frá landinu.

Einstaklingar, sem búsettir eru erlendis, skulu við komu sína til landsins undirrita drengskaparyfirlýsingu um, að þeir muni aðeins eiga gjaldeyrisviðskipti við þá banka, sem hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri. Jafnframt skulu þeir skuldbinda sig til að semja ekki við hér búsetta aðilja um það, að fá íslenskan gjaldeyri eða upphald hér gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi.

4. gr.

Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri hann hafi meðferðis. Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, skulu við brottför frá landinu jafnframt undirrita drengskaparyfirlýsingu um það að semja ekki við erlenda aðilja um að fá erlendan gjaldeyri eða upphald erlendis gegn greiðslu í íslenskum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi.

5. gr.

Við tollskoðun er heimilt, þyki nauðsyn bera til, að láta fara fram rannsókn, bæði á farþegum og farangri til að tryggja, að ekki séu brotin ákvæði laga þessara eða reglugerðar, sem sett kynni að verða samkvæmt þeim.

6. gr.

Með reglugerð setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef hann telur þess þörf. 105
3. sept.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerðar, sem sett er samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. krónum.

8. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, skal fara með að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 3. september 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

106

3. sept.

um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna ákvæða í 8., 9. og 64. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, sé nauðsynlegt nú að setja eftirfarandi viðaukaákvæði.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1952.

Gjört í Reykjavík, 3. september 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.